



Ársskýrsla stjórnar fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga 2017

Ársskýrsla stjórnar Fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga var lögð fram á aðalfundi Fagdeildarinnar sem var haldinn þann 15. maí 2018.

Fjöldi fagdeildarmeðlima: 70

Árgjald: 2000 kr

Stjórn Fagdeildarinnar á árinu skipuðu eftirfarandi:

Formaður: Hildur Rut Albertsdóttir, Hjarta- og æðlafræðingu Landspítala

Varaformaður: Eva Hrönn Petersen, Hjartadeild Landspítala

Gjaldkeri: Ása María Guðjónsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Ritari: Helga Ýr Erlingsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Meðstjórnandi: Dagbjört Elva Sigurðardóttir, Líknardeild Landspítala

Endurskoðendur:

Inga Björnsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Bylgja Kærnested, Hjartadeild, Landspítala

Fræðslunefnd:

Formaður: María V. Guðmundsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Friðsemd Thorarensen, Hjarta- og æðlafræðingarstofu Landspítala

Sólveig Helga Ákadóttir, Hjarta- og æðlafræðingarstofu Landspítala

Tinna Bjarnadóttir, Hjartadeild Landspítala

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári:

Formaður: Hildur Rut Albertsdóttir, Hjarta- og æðlafræðingarstofu Landspítala

Varaformaður: Kristín Sigurðardóttir, Hjartadeild Landspítala

Gjaldkeri: Ása María Guðjónsdóttir, Hjartadeild Landspítala

Ritari: Elna Albrechtsen, Hjartadeild Landspítala

Meðstjórnandi: Nanna Bryndís Snorradóttir, Hjartagátt Landspítala

Endurskoðendur:

Bylgja Kærnested, Hjartadeild, Landspítala
Eva Hrönn Petersen, Hjartadeild Landspítala

Fræðslunefnd:

Formaður: Friðsemd Thorarensen, Hjartaþræðingu Landspítala
Sólveig Helga Ákadóttir, Hjartaþræðingu Landspítala
Tinna Bjarnadóttir, Hjartadeild Landspítala

Starfsemi á árinu

Starfsemi Fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga var sem svipuðu sniði og árin á undan. Á starfsárinu voru haldnir fáir formlegir stjórnarfundir, flestir fundir óformlegir og með hluta af fræðslunefnd.

Styrkur FÍH var nýttur í fræðslufundi fagdeildarinnar.

Aðalfundur fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga 2017 var haldinn 16. maí í húsakynnum Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands, Hveragerði. Var þá sameinað allt í senn vísindaferð, fræðsla og aðalfundarstörf. Aðeins 19 fagdeildarmeðlimir sóttu fundinn.

Kosning fór fram á nýjum meðlimum í stjórn og nefndir. Ása María var endurkjörin sem gjaldkeri. María V. Guðmundsdóttir var kosin sem áframhaldandi formaður fræðslunefndar og Friðsemd Thorarensen, Sólveig Helga Ákadóttir og Tinna Bjarnadóttir endurkosnar í fræðslunefnd.

Fyrir aðalfundinn hélt Aðalbjörg Stefania, hjúkrunarfræðingur fyrirlestur um samskiptaboðorðin en hún er deildarstjóri hjúkrunar á Heilustofnun NLFÍ.

Helsta umfjöllunarefni aðalfundarins að þessu sinni var tillaga stjórnarinnar um að fagdeildin geti veitt styrki til fagdeildarmeðlima. Lögð voru fram drög að því hvernig þessum styrkveitingum yrði háttað. Samþykkt var að styrkir yrðu greiddir út einu sinni á ári, 1. október og að hámarkið yrði átta styrkir á ári ef allir væru að hámarksupphæð. Fundargestir voru sammála um að í forgangi væru þeir umsækjendur sem væru að sækja vísindaping eða halda kynningu á vísindapingum með fyrirlestrum eða veggspjöldum. Efnið þyrfti að tengjast hjartahjúkrun á einhvern hátt. Ef fleiri en átta sækja um með sömu forsendum kom upp hugmynd um að dregið yrði um þá sem hlytu styrkinn og einnig að líða þyrfti ákveðinn tími á milli styrkveitinga til

einstaklinga. Fyrsta styrkúthlutun verður 1. október 2018. Einungis ein umsókn hafði borist stjórn fagdeildarinnar fyrir aðalfund.

Fræðslukvöld, september 2017

Stjórn fagdeildarinnar í samvinnu við Hjartadeild LSH stóð fyrir fræðslukvöldi fyrir meðlimi sína 14. september 2017 og var það haldið á Grand hótél í Reykjavík. Alls voru haldin þrjú erindi:

Hjörtur Oddsson, hjartalæknir hélt fyrirlestur um Kóvar og önnur blóðþynningarlyf.

Hulda Halldórsdóttir, hjúkrunarfræðingur hélt fyrirlestur um fræðsluefni fyrir kransæðasjúklinga og kynnti nýja vefsíðu, hjartaendurhaefing.is

Matilda Gregersdóttir, markþjálfari hélt að lokum fyrirlestur um nærandi samskipti í krefjandi umhverfi.

Boðið var upp á veitingar í lokin.

Fræðslukvöldið heppnaðist vel og var mjög góð mæting.

Beint framlag til samfélagsins

GoRed er átak gegn hjarta- og æðasjúkdómum kvenna víða um heim og síðastliðin tíu ár hefur dagur verið tileinkaður þessu átaki hér á Íslandi þar sem vakin er athygli á málefnum með greinaskrifum, viðtölum og viðburðum og fólk hvatt til þess að klæðast rauðu. Þetta er samstarfsverkefni Hjartaheilla, Hjartaverndar og Heilaheilla og hefur Fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga einnig tekið þátt í skipulaginu. Að þessu sinni stóð GoRed í samvinnu við Vetrarhátíð í Reykjavík fyrir Hjartagöngu. Gengið var frá Skólavörðuholti að Hörpu föstudaginn 2. febrúar þar sem gagnvirkt ljósaverk, Hjarta eftir þá Þórð Hans Baldursson og Halldór Eldjárn, var afhjúpað á byggingunni. Ljósaverkið lýsti upp Hörpu frá 2. febrúar til 14. febrúar 2017.

Heimasíða og fréttabréf

Stjórnin sendi frá sér eitt fréttabréf á tímabilinu, í maí 2017. Það var sent út rafrænt. Heimasíða fagdeildarinnar er sem fyrr vistuð á síðu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Gerðar voru breytingar á síðunni á árinu og hún uppfærð. Er þar nú að finna upplýsingar um fagdeildina, fjölda meðlima og markmið fagdeildarinnar. Umsóknir um styrki fagdeildarinnar fara fram í gegnum heimasíðu fagdeildarinnar og er það nýjung á árinu.

Stofnuð var síða fagdeildarinnar á Workplace á árinu.

Erlent samstarf: Fagdeildin er ekki í neinu formlegu erlendu samstarfi eins og er.

Starfsemi fagdeildarinnar hefur verið með hefðbundnum hætti, fræðslufundir og árleg þátttaka í GoRed verkefninu. Meðlimir fagdeildarinnar er svipaður og síðast liðið ár. Stjórn fagdeildarinnar tók upp styrkveitingar til fagdeildarmeðlima eftir að tillögur stjórnar voru samþykktar á síðasta aðalfundi og fer nú að líða að fyrstu úthlutun. Verður áhugavert að sjá hvort áhugi fagdeildarmeðlima muni skila sér í fjölda umsókna. Stjórn fagdeildarinnar mun að minnsta kosti vera að taka að sér ný verkefni á næsta starfsári.

Úr stjórn fagdeildarinnar ganga nú 3 meðlimir, Helga Ýr, Eva Hrönn og Dagbjört Elva og verður þeirra sárt saknað. Þakka samstarfið á liðnum árum sem hefur verið mjög ánægjulegt.

Reykjavík, 14. maí 2018

Hildur Rut Albertdóttir, formaður Fagdeildar hjartahjúkrunarfræðinga